

Orðhlutar

- Orðhlutar eru
 - rót,
 - viðskeyti,
 - forskeyti,
 - stofn og
 - beygingarending.
- Öll orð eru með rót.
- Rót er eitt atkvæði og hún hefur merkingu. Aðrir orðhlutar bætast við hana.
- Viðskeyti er orðhluti sem er bætt aftan við rótina.
- Forskeyti kemur framan við rótina til þess að mynda nýtt orð. Forskeyti er eitt atkvæði.
- Stofn er sá hluti orðs sem helst stöðugur þegar orð er beygt.
- Oft verða sérhljóðabreytingar (hljóðbreytingar) inni í stofninum (sonur-synir).
- Stofn er sá hluti orðs sem beygingarending bætist við.
- Stofn er myndaður með rót og forskeyti og/eða viðskeyti.
- Beygingarending bætist við stofninn.

Verkefni

1. Finndu stofn eftirfarandi nafnorða.

minni _____ borðin _____ tunna _____
bakki _____ bolli _____ smiður _____

2. Finndu stofn eftirfarandi lýsingarorða.

gulur _____ glæsilegur _____
kalt _____ röndóttur _____
góður _____ fallett _____
sætt _____ skemmtilegt _____

3. Forskeytin **ör-**, **ó-**, **van-**, **tor-**, **for-** eru algeng. Finndu þrjú orð sem byrja á hverju þeirra.

ör-	_____	_____	_____
ó-	_____	_____	_____
van-	_____	_____	_____
tor-	_____	_____	_____
for-	_____	_____	_____

4. Viðskeytin **-ling(ur)**, **-ótt(ur)**, **-un**, **-hátt(ur)**, **-leg** eru algeng. Finndu þrjú orð með hverju þeirra.

-ling	_____	_____	_____
-ar	_____	_____	_____
-ótt	_____	_____	_____
-un	_____	_____	_____
-hátt	_____	_____	_____
-leg	_____	_____	_____

5. Gerðu hring um rót eftirfarandi orða.

lækur sætt grallari sófi skápur stóll

6. Gerðu hring um beygingarendingar orðanna.

vinur della jökull fljótur kannan gatari

7. Gerðu hring um viðskeyti orðanna.

unglingur strákaleg asnaháttur

doppótt bakari þróun

8. Skiptu orðunum í orðhluta með striki og merktu hvern þeirra.

verkur	verkefni	ópokki
bröndótt	epli	andstæðingur
kennari	virðing	örsmár
stafsetning	tölva	vanfær
granni	óvinur	misskilningur
glasið	bekkurinn	formóðir

9. Fylltu út í töfluna. Mundu að forskeyti, rót og viðskeyti eru í stofni en beygingarending ekki.

	Forskeyti	Rót	Viðskeyti	Stofn	Beygingar- ending
Farangur		<i>far</i>	<i>ang</i>	<i>farang</i>	<i>ur</i>
Ódugnaður					
Unglingur					
Kona					
Glaður					
Borðin					
Lampar					
Þekking					

10. Skrifaðu þrjú orð sem þú hefur heyrt í dag. Skiptu þeim í orðhluta og greindu þá.

11. Hvað er rót? Útskýrðu.

12. Hvað er forskeyti? Skrifaðu niður fimm algeng forskeyti.
